

## 218. fundur

Miðvikudaginn 16. janúar 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Guðlaugur Björgvinsson var fjarverandi en í hans stað sat fundinn Magnús Ólafsson frá MS. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### 1. Fundargerð og dagskrá 217. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 217. fundar, sem var samþykkt án athugasemda.

### 2. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2007/2008.

Formaður lagði fram erindi frá SAM, “Samantekt mjólkurinnleggs, próteins og fitu” og “Efnainnihald viðmiðunarmjólkur verðlagsárið 2007/2008”, þar sem óskað er eftir staðfestingu verðlagsnefndar búvöru á þessum útreikningum. Nefndin gerði engar athugasemdir og staðfesti útreikninginn.

### 3. Verðlagning mjólkurvara 1. janúar 2008.

Formaður lagði fram til kynningar ljósrít úr Lögbirtingarblaðinu, “Auglýsing um heildsöluverð á mjólk og mjólkurvörum frá 1. janúar 2008” og “Auglýsing um lánmarksverð á mjólk til framleiðenda”. Rætt var um umfjöllun fjölmiðla um matvælaverð og hugsanlegar hækkanir og hvernig fulltrúar í nefndinni koma að þeirri umfjöllun. Einnig var rætt um þær hækkanir sem framundan eru á tilteknum kostnaðarliðum, s.s. vaxtakostnaði, áburðarverði og kjarnfóði.

### 4. Umræða um næsta verðlagsgrundvöll kúabús.

Formaður greindi frá viðræðum við Hagstofu Íslands varðandi upplýsingar sem fram komu frá Kaupfélagi Borgnesinga um fóðurverð, þar sem þær tölur eru á skjön við aðrar tölur. Þá lagði formaður fram tölvupósta frá Þórólfi varðandi sama mál, verðlagshorfur á áburði og vaxtakjör.

Rætt var um samanburð verðlagsgrundvallar við búreikninga og nauðsyn þess að fá Hagþjónustu landbúnaðarins til þess að stilla upp módeli til samanburðar yfir ákveðið árabil.

### 5. Önnur mál.

Næsti fundur verður ákveðinn síðar. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 219. fundur

Miðvikudaginn 20. febrúar 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð. Guðlaugur Björgvinsson var fjarverandi. Auk þeirra komu á fundinn Erna Bjarnadóttir frá Bændasamtökum Íslands, Eyjólfur Sigurðsson frá Fóðurböndunni og Hjalti Hjaltason frá Sláturfélagi Suðurlands.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð og dagskrá 218. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð 218. fundar, sem var samþykkt án athugasemda.

#### 2. Hækkanir á áburði.

Til að ræða þær miklu hækkanir sem orðið hafa á áburði ákvað formaður að fá eftirtalda aðila til fundar við nefndina til að hún gæti betur áttað sig á ástæðum nefndra verðhækkana:

- Kl. 10.00 Erna Bjarnadóttir, Bændasamtökum Íslands
- Kl. 10.30 Eyjólfur Sigurðsson, Fóðurböndan
- Kl. 11.00 Hjalti Hjaltason, Sláturfélag Suðurlands

Erna lagði fram “Áburðarverð Matvæleverð, ódýrt ei meir”, þar sem hún fór yfir þær breytingar sem framundan eru, hver áhrif þær koma til með að hafa á rekstur búa og fjallaði um verðhækkanir á matvælum í Danmörku og víðar.

Eyjólfur Sigurðsson lagði fram “Samanburður á hækkun mjólkur og áburðar á síðustu 8 árum” og “verðþróun áburðarefna”, fór yfir og útskýrði.

Hjalti Hjaltason lagði fram töflur og línurit yfir þær áburðartegundir sem notaðar eru, verðþróun, verðskrá o.fl., fór yfir og útskýrði.

Öll voru þau nokkuð sammála um ástæður þessara hækkana nú og töldu þar helst til mikla þurrka, stækkandi markaði með meiri eftirspurn eftir korni, takmarkanir á námuauðlindum, léleg lagerstaða o.fl. Staðan er mjög óeðlileg og ekki er séð fyrir endann á hækkunum og telja að það gæti tekið markaðinn 2-3 ár að jafna sig.

Aðspurðir töldu söluaðilar áburðar að eðlilega samkeppni ríkja á milli söluaðila. Einnig kom fram hjá þeim að álagning hefði verið nánast sú sama, kr./pr tonn, frá árinu 2001, þrátt fyrir hækkanir.

#### 3. Önnur mál.

Fjallað var um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um tolla og lækkun matvæleverðs í kjarasamningum og óskað eftir því að nefndin fái nánari útskýringu á því. Formaður lagði fram skal frá Þórólfi, “Tillaga til afgreiðslu á fundi verðlagsnefndar”, þar sem talin eru upp fimm atriði sem óskað er eftir að nefndin

taki afstöðu til. Fjallaði nefndin um þá punkta en ákvað að taka ekki til afgreiðslu nú, þar sem óskað var eftir því að settur yrði vinnufundur þar sem farið væri ítarlega yfir þær breytingar sem framundan eru, því að stæður nú séu allt aðrar nú en þegar verðlagt var síðast.

Ákveðið var að halda vinnufund þriðjudaginn 26. febrúar kl. 9.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir



## 220. fundur

### VINNUFUNDUR

*Þriðjudaginn 26. febrúar 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman á vinnufundi, í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

Formaður lagði fram tillögu frá LK, "Tillaga til afgreiðslu á fundi verðlagsnefndar 20/2 2008", sem lagt var fram til kynningar á síðasta fundi nefndarinnar. Þar eru taldir til 5 liðir sem þarf að taka afstöðu til, við hækkun mjólkurverðs. Nefndin fór yfir þau atriði og ræddi. Ákveðið var að fá bráðabirgða uppgjör frá kúabændum, framreikna verðlagsgrundvöll 1. mars, fá áburðarverð fyrir júní, fá Einar Hafliða lögg. endurskoðanda til að stilla upp vaxtagrunni og að fá upplýsingar um bráðabirðauppgjör iðnaðarins.

Rætt var um hugsanlega aðkomu stjórnvalda og áhrif ef þau grípa inni.

Ákveðið var að stilla upp heildarpakka með hækkunum, til að sjá hver áhrifin yrðu fyrir alla aðila og kalla þá til stækkaða nefnd til að kynna niðurstöður.

Næstu fundir voru ákveðnir 14. mars kl. 11 og 18. mars kl. 9.30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 221. fundur

*Föstudaginn 14. mars 2008, kom verðlagsnefnd bívara saman til fundar í fundarsal, Sölvhólsgrötu 7.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð. Guðlaugur Björgvinsson var fjarverandi, en í hans stað var mættur Magnús Ólafsson, MS.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### **1. Fundargerðir 219. og 220. fundar og dagskrá.**

Formaður lagði fram fundargerðir 219. og 220. fundar, sem samþykktar voru án athugasemda.

### **2. Drög til skoðunar um forsendur vaxtakostnaðar í verðlagsgrundvelli.**

Formaður býður velkominn á fundinn Einar Hafliða Einarsson, frá Deloitte. Einar Hafliði lagði fram Minnisblað-Drög til skoðunar, um útreikninga á fjármagnskostnaði kúabús í verðlagsgrundvelli kúabús, fór yfir og útskýrði. Við umræður um vaxtalið var óskað eftir því að skoðað yrði hvað vextir eru stór hluti í rekstri kúabús og hvað stór hluti þeirra er á eldri vöxtum, þ.e. föstum vöxtum og hvað stór hluti er á breytilegum vöxtum. Einnig var óskað eftir að Einar Hafliði fullynni tillögu um vaxtamódel.

### **3. Umræður um verðalgsgrundvöll kúabús.**

Formaður lagði fram tvo mismunandi verðalgsgrundvelli fyrir mars 2008, fór yfir og útskýrði og nefndin ræddi, annar var miðaður við við tiltekna % hækkun á fóðri, en hinn var miðaður við leiðrétt einingarverð á fóðri. Fram kom að forsendur frá Hagstofunni sem notaðar eru til grundvallar framreiknings á verðalgsgrundvelli eru í sumum tilfellum rangar sem vert er að hafa áhyggjur af. Lagt var til að Ólafur og Pálmi fundi með Hagstofufólki um reikniaðferðir. Staðfestingu verðalgsgrundvallar var frestað.

### **4. Önnur mál.**

Undir liðnum önnur mál var rætt um hækkun mjólkurverðs og kom þar fram að fulltrúar bænda telja útilokað að fá ekki leiðréttingu á mjólkurverði fyrr en 1. júlí og almennt töldu aðilar í nefndinni að þegar til hækkunar mjólkurverðs kemur verði það að gerast í eitt skipti, en ekki í tvennu lagi.

Pálmi lagði fram til kynningar rekstrarreikning 2007, fór yfir og útskýrði.

Næsti fundur var ákveðinn 18. mars n.k. kl. 9.30.

Ákveðið var að halda fund með stækkaðri nefnd, miðvikudaginn 26. mars. n.k. kl. 10:00.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 222. fundur

*Friðjudaginn 18. mars 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal, Sölvhólsgötu 7.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð. Guðlaugur Björgvinsson var fjarverandi, en í hans stað var mættur Magnús Ólafsson, MS.*

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### **1. Fundargerð 221. fundar og dagskrá.**

Formaður lagði fram fundargerð 221. fundar, sem samþykktar voru, m.t.t. athugasemda og verður leiðrétt fundargerð send út.

### **2. Umræður um verðlagningu.**

Við umræður um verðlagningu lagði Pálmi fram “Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum – reiknuð hækkun okt. 2007 - mars 2008”, fór yfir og útskýrði. Pálmi lagði einnig fram töflu til kynningar “Reiknuð hækkun heilðsöluverðs mjólkur, m.v. breytingar lágmarksverðs og vinnslu- og dreifingarkostnaðar, sem sýnir í prósentum og kr/ltr breytingar á kostnaði. Lagt var fram minnisblað, unnið af Ernu Bjarnadóttur hjá B.Í. og fór Haraldur yfir það og útskýrði, en þar kemur m.a. fram að ætla má að áburður hafi hækkað u.þ.b. 79% frá fyrra ári. Tölur um áburðarverðshækkun liggja ekki fyrir frá Hagstofu Íslands. Ákveðið var að halda fund með stækkaðri nefnd, til kynningar á þeirri stöðu sem komin er upp og vandamál sem nefndin stendur frammi fyrir eftir breytingar á verðlagi á síðustu vikum.

### **3. Önnur mál.**

Rætt var um síðasta verðlagsgrundvöll, mars 2008 og þær forsendur frá Hagstofunni sem notaðar eru til framreiknings. Villur hafa komið fram í þeim forsendum og virðist sem svo að ólíkum reikniðferðum sé nú beitt. Leiðréttingar voru gerðar á verðlagsgrundvöllum og hann staðfestur og er niðurstaða gjaldaliðar kr. 22.224.647.- og hefur grundvöllurinn hækkað um 5,32% frá sept. 2007.

Næsti fundur verður haldinn miðvikudaginn 26. mars, hjá Bændasamtökunum, bókasafni 3. hæð, kl. 10.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir



## 223. fundur

Miðvikudaginn 26. mars 2008, kom verðlagsnefnd búvara, með stækkaðri nefnd, saman til fundar í fundarsal, bókasafni Bændasamtaka Íslands, 3. hæð.

Þeir sem sátu fundinn voru:

Stefán Úlfarsson	ASÍ
Björn Snæbjörnsson	ASÍ
Þórólfur Sveinsson	B.Í.
Haraldur Benediktsson	B.Í.
Eiríkur Blöndal	B.Í.
Erna Bjarnadóttir	B.Í.
Helga Jónsdóttir	BSRB
Árni St Jónsson	BSRB
Elín Björg Jónsdóttir	BSRB
Þuríður Einaradóttir	BSRB
Einar H. Einarsson	Deloitte
Pálmi Vilhjálmsson	SAM
Magnús H. Guðjónsson	SAM
Magnús Ólafsson	SAM
Egill Sigurðsson	SAM
Ólafur Friðriksson	SLR
Sigurgeir Þorgeirsson	SLR
Auður Birgisdóttir	SLR

1. **Stækkuð nefnd.** Formaður bauð nefndarmenn og gesti velkomna á fundinn en megin tilgangur hans var að kynna fyrir “baklandi, fulltrúa í nefndinni þá stöðu sem upp er kominn í kjölfar mikilla verðhækkana á aðföngum, s.s. áburði, kjarnfóðri o.fl., auk fjármagnsliða. Formaður gerði grein fyrir vinnu nefndarinnar við verðlagningu undanfarin misseri og þeim vanda sem hún nú stendur nú frammi fyrir í kjölfar þessara verðhækkana á aðföngum.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur hjá B.Í., flutti erindið “Áburðarverð/Matvælaverð – ódýrt ei meir”, sambærilegt því sem hún flutti á fundi verðlagsnefndar 20. febrúar 2008, þar sem hún fór yfir þær breytingar sem framundan eru, hver áhrif þær koma til með að hafa á rekstur bóa og fjallaði um verðhækkanir á matvælum í Danmörku og víðar.

Einar Hafliði Einarsson löggiltur endurskoðandi, Deloitte, lagði fram minnisblað um fjármagnskostnað í verðlagsgrundvelli kúabús, þar sem farið var yfir mismunandi útreikninga á fjármagnskostnaði í verðlagsgrundvelli kúabús, ásamt með núverandi forsendum um vaxtakjör og fjármögnun. *Sjá minnisblað.*

Pálmi Vilhjálmsson flutti erindi um verðlagningu mjólkur mars 2008 sem hann hafði tekið saman ásamt formanni nefndarinnar, en þar var farið yfir ýmsar tölulegar upplýsingar er varða ákvörðun um lágmarksverðs til framleiðenda og vinnslu- og dreifingarkostnað. Jafnframt var stillt upp í módel ýmsum stærðum til samanburðar.

Eftir þessar kynningar og fyrirspurnir í kjölfar þeirra var gert fundarhlé áður en hefðbundin nefndarstörf hófust að nýju.

**2. Framhald fundar.** Formaður setti fund að nýju og lagði fram fundargerðir tveggja síðustu funda, þ.e. 221. og 222. fundar, sem voru samþykktar án athugasemda.

**3. Verðlagning mjólkurvara.** Næst var tekin upp umræða um verðlagningu mjólkur. Stillt var upp í módel mismunandi forsendum til að fá samanburð á hækkunum, vegna hækkana á áburði og fjármagnsliðum, einnig breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði. Rætt var um vaxtagrunninn en ákveða þurfi forsendur hans, þ.e. hvernig heildarfjármagn skyldi skiptist.

Ákveðið var að verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2008 yrði lagður til grundvallar verðákvörðun, en hann var samþykktur á 222. fundi þann 18. mars sl. Þá var að auki ákveðið að taka tillit til 80% hækkunar á áburðarverði og að fjármagnsliðir grundvallarins skyldu hækka í kr. 3.695.659.-, þar af yrði geymdar kr. 525.374.- til haustsins, sem kæmu þá inn í grundvöllinn. Samkomulag náðist um eftirfarandi:

“Að heildsöluverð á mjólk skuli hækka frá 1. apríl n.k., um 14.64%, afurðastöðvaverð til bænda um 28,1% eða um rúmar 14,04 kr. á lítra mjólkur og vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækki um 2,20 kr. hvern lítra eða um 3,63%.,

Tillagan var samþykkt samhljóða en fulltrúi ASÍ sat hjá, en lét bóka eftirfarandi: ”Fulltrúi ASÍ í verðlagsnefnd búvara situr hjá við verðákvörðun sem tekur gildi hinn 1. apríl 2008. Hann var tilbúinn til að standa að ákvörðun um hækkun á búvörum þar sem tekið væri tillit til kostnaðarhækkana á kjarnfóðri, áburði, eldsneyti o.fl. Hann getur hins vegar ekki staðið að ákvörðun um hækkun á vaxtalið grundvallar. Hann telur að hagsmunum bænda, eins og annarra stétta í landinu, sé betur borgið með því að ná niður verðbólgu. Hækkun á vaxtalið grundvallarins mun hafa gagnstæð áhrif.”

Í lok fundar var útbúin fréttatilkynning til útsendingar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundir slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir



## 224. fundur

*Þriðjudaginn 13. maí 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Þórólfur Sveinsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð 223. fundar og dagskrá.**

Formaður lagði fram fundargerð 223. fundar, sem samþykkt var án athugasemda.

#### **2. Verðlagning mjólkur 1. apríl sl.**

Fjallað var um síðustu verðlagningu, hvernig staðið var að henni og umfjöllun fjölmiðla og hagsmunaaðila í kjölfarið.

#### **3. Sala mjólkurvara janúar til apríl 2008.**

Pálmi lagði fram sölutölur mjólkurvara janúar-apríl og útskýrði. Við umfjöllun kom fram að fulltrúar iðnaðarins er sáttir við sölutölur það sem af er ári, en óvíst er hvort verðbreytingar munu hafa áhrif á sölu. Nefnt var að gott væri að nefndin fylgdist reglulega með sölutölum.

#### **4. Starfið framundan.**

Rætt var um frumvarp um verðmiðlun- og verðtilfærslu sem ekki náðist samstaða um á Alþingi, einkum vegna umsagnar Samkeppniseftirlitsins.

#### **5. Önnur mál.**

Rætt var um að talnagrunnur framreiknings verðlagsgrundvallar kúabús væri orðinn of gamall og þurfi að uppfæra hann. Einnig var rætt hvernig nefndin kemur til með að starfa í framtíðinni, greiningarvinnu við verðlagsgrundvöllinn, opinbera verðlagningu o.fl.

Pálmi lagði fram til kynningar ársskýrslu Auðhumlu 2007.

Í lok fundar tilkynnir Þórólfur Sveinsson að hann komi ekki til með starfa áfram í nefndinni, nýr fulltrúi skipaður af Bændasamtökunum komi til starfa á næsta fundi. Hann þakkar fyrir samstarfið og formaður og aðrir nefndarmenn þakka honum sömuleiðis fyrir samstarfið undanfarin ár.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið. Næsti fundur verður boðaður síðar.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 225. fundur

Mánudaginn 8. september 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Elín Björg Jónsdóttir, Ólafur Friðriksson, Pálmi Villhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Haraldur Benediktsson og Björn Snæbjörnsson voru fjarverandi. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

**Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

### 1. Breytingar í verðlagsnefnd.

Formaður bauð velkominn til starfa í nefndinni, Sigurð Loftsson, fulltrúa Bændasamtaka Íslands, en varamaður hans er Guðný Helga Björnsdóttir, Heggstaðanesi, Vestur Hún. Aðrar breytingar eru ekki á aðal- og varamönnum.

### 2. Fundargerð 224. fundar.

Fundargerð 224. fundar var lögð fram og samþykkt án athugasemda.

### 3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní og sept. 2008.

Formaður lagði fram til kynningar, framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir júní og september 2008. Rætt var um hvort að nefndin ætli að notast áfram við þetta framreiknings módel og hvort leggja eigi í vinnu við að endurskoða forsendur módelisins. Ákveðið var að fá Einar Hafliða, frá Deloitte til að uppfæra fjármagnsliði verðlagsgrundvallarins frá sl. vori. Jafnframt var ákveðið að fá Jónas Bjarnason, hjá Hagþjónustu landbúnaðararins á fund til þess að gera grein fyrir rekstrarniðurstöðum kúabúa fyrir árið 2007, úr gögnum búreikninga. Frekari umræðu um framreikning var frestað til næsta fundar.

### 4. Staðfest rekstrar- og efnahagsuppgjör mjólkuriðnaðarins janúar – júní 2008.

Lagður var fram árschlutareikning Auðhumlu svf., 1. janúar til 30. júní 2008. Þar kemur fram að 511,7 m.kr. halli var af rekstrinum fyrir fjármagnsliði en lokaniðurstaða hans er 463,9 m.kr. tap. Einnig voru lögð fram til kynningar gögn og afrit af reikningum sem sýna hækkunir á aðföngum undanfarna mánuði. Við umræðu kom fram að staðan sé mjög slæm og að allt verði reynt til að ná fram jafnvægi í reksturinn fyrir árslok. Nefnt var að hagræðing iðnaðarins eigi en þá eftir að skila sér, það taki tíma.

### 5. Sala mjólkurvara janúar til ágúst 2008.

Pálmi gerði grein fyrir sölu mjólkurafurða, janúar-ágúst 2008", sem nánar vísast til.

### 6. Starfið framundan.

Þessi liður var ræddur með lið 3.

**7. Önnur mál.**

Næstu fundir voru ákveðnar 25. september, 8. október, 15. október og 29. október og munu þeir hefjast kl. 9.30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir



## 226. fundur

*Fimmtudaginn 25. september 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elin Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Audur Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð og dagskrá.**

Fundargerð og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### **2. Minnisblað um vaxtakostnað, Einar Hafliði, Deloitte.**

Formaður bauð Einar Hafliða velkominn á fundinn. Einar lagði fram minnisblað, dags. 24. september 2008, um vaxtakostnað, þar sem farið var yfir fjármagnskostnað í verðlagsgrundvelli kúabús í júní og september 2008 og breytingar frá minnisblaði í mars 2008. Við umræður um fjármagnsliði var það nefnt að hafa þurfi einfalda aðferðafræði, vog, til útreikninga á fjármagnsliðum og best sé að útbúa módel til þess að mæla vexti, m.v. verðbólgu, vexti á eigið fé og aðra þætti. Einnig var bent á að við síðustu verðlagningu hafi ávöxtun á eigið fé verið sleppt en það þurfi endurskoðunar við þegar tækifæri gefst. Einnig þurfi að skoða hlutfall milli skammtíma- og langtímalána. Ákveðið var ákveðið að fela Einari Hafliða að yfirfara forsendur í minnisblaði, m.t.t. niðurstöðu búreikninga Hagþjónustu landbúnaðarins fyrir árið 2007.

#### **3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní og sept. 2008.**

Formaður lagði fram, framreiknaðan verðlagsgrundvöll kúabús fyrir júní og september 2008. Þar kom fram að heildarkostnaður grundvallarins var kr. 26.163.097.- í júní og í september var kostnaðurinn hins vegar kr. 27.178.491.- Samkvæmt minnisblaði Einars Hafliða, var fjármagnskostnaður í júní kr. 4.154.433.- að frádreginni frestun í mars kr. 525.374.- eða kr. 3.629.059.- sem kom inn í vaxtalið grundvallarins. Samkvæmt sömu forsendum nam þessi liður í september kr. 4.379.350.- að frádreginni frestun í mars kr. 525.374.- eða samtals kr. 3.853.976.- Ákveðið var fyrir næsta fund að Ólafur og Pálmi stilli upp grundvöllinum annars vegar frá sept. 2007 og hins vegar apríl 2008 og fylgjast þannig með breytingum á einstaka liðum, hvað þær breytingar þýða fyrir einstaka liði og heildarbreytingar. Framreiknaðir grundvöllir kúabús fyrir júní 2008 og september 2008 voru samþykktir.

#### **4. Módel vinnslu- og dreifingarkostnaðar.**

Pálmi lagði fram "Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum, reiknuð hækkun mars - ágúst 2008". Fram kom að mikið áhyggjuefni væri að rekstrarniðurstaða mjólkuriðnaðarins sé svo slæm sem raun ber vitni og ekki sé endalaust hægt að leggja hækkanir á iðnaðinn, án þess að hann fái þær uppi bornar í verðlagi. Reiknað er með að 8 mánaða uppgjör iðnaðarins liggi fyrir á næsta fundi.

Fram kom hjá fulltrúum iðnaðarins að ólíklegt væri að átta mánaða uppgjör myndi breyta miklu frá þeim tölum sem lagðar voru fram fyrir fyrstu sex mánuði ársins. Við umræður kom einnig fram að frekari hagræðingar sem unnið hefur verið að eigi vonandi eftir að skila sér í bættri afkomu.

#### **5. Niðurstaða búreikninga, Jónas Bjarnason, Hagþjónusta landbúnaðarins.**

Formaður bauð velkomin á fundinn þau Jónas Bjarnason og Ingibjörgu Sigurðardóttur, frá Hagþjónustu landbúnaðarins. Jónas lagði fram Niðurstöður búreikninga fyrir árið 2007. Einnig lagði hann fram upplýsingar yfir stærð og fjölda kúabúa skv. greiðslumarksskrá samantborði við fjölda uppgjörsbúa 2007 og sundurgreiningu á einstökum kostnaðarliðum. Við umfjöllun var nefnt að niðurstöður búreikninga og framreikningur verðlagsgrundvallar kúabús „stemmi“ nokkuð saman.

#### **6. Önnur mál.**

Ákveðið var að athuga stöðu á frumvarpi fyrir næsta fund. Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 8. september n.k. kl. 13.30. Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 227. fundur

Miðvikudaginn 8. október 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.

### Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

#### 1. Fundargerð og dagskrá.

Fundargerð og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### 2. Módel vinnslu- og dreifingarkostnaðar mars – sept. 2008

Pálmi lagði fram “Gjaldaliðir hjá mjólkursamlögum, reiknuð hækkun mars 2008 – ágúst 2008. Niðurstaða módelis er hækkunarþörf til iðnaðarins upp 10,64%.

#### 3. Uppgjör mjólkuriðnaðarins janúar – ágúst 2008.

Magnús lagði fram árshlutareikning Auðhumlu svf., 1. janúar – 31. ágúst 2008. Fram kom að rekstrartap var upp á 278,6 m.kr. sem er bati frá fyrstu sexmánuðum ársins. Það skýrist einkum af þrennu, þ.e. greiðslu v/jarðskjálftabóta, kaupum á umfram mjólk og betri stöðu birgða á umbúðalager.

#### 4. Samanburður á verðlagsgrundvelli kúabús, september 2007 – apríl 2008 – september 2008.

Formaður lagði fram yfirlit sem sýnir breytingar á umræddum tímabilunum, þ.e. hækkun frá september til september upp á 28,79%, en hækkun frá apríl til september nam hins vegar 13,2%.

#### 5. Verðlagning.

Skoduð var hækkunarþörf iðnaðarins annars vegar og til framleiðenda hins vegar. Þar kemur fram að hækkunarþörf iðnaðarins séu 6,40 kr. pr. ltr. mjólkur eða 10,52%. Til bænda er þörfin skv. módelinu kr. 8,45 sem samsvarar til 13,2% hækkunar. Rætt var um að síðustu misseri haf iðnaðurinn tekið mikið af hækkun á sig að það sé tæpast hægt öllu lengur. Þá var rætt um mikilvægi þess að tryggja matvælaöryggi í landinu, bæði vegna framleiðslu og iðnaðar. Ákveðið var að fresta frekari umræðu um verðlagningu til næsta fundar.

#### 6. Drög að frumvarpi um verðmiðlun o.fl.

Formaður bauð velkominn á fundinn Arnór Snæbjörnsson, lögfræðing ráðuneytisins, sem lagði fram drög að frumvarpi um verðmiðlun o.fl. Hann gerði grein fyrir frumvarpinu og þeim breytingum sem gerðar höfðu verið. Ákveðið var að fresta frekari umræðu um frumvarpið til næsta fundar.



## 7. Önnur mál.

Haraldur lagði fram tilkynningu um hækkun á fóðri og línurit sem sýnir verðþróun nokkurra framleiðsluþátta í búvöruframleiðslu, ásamt þróun á vísitölu neysluverðs til sambanburðar á einstökum framleiðsluþáttum.

Næsti fundur var ákveðinn miðvikudaginn 15. október kl. 9.30.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir

## 228. fundur

*Miðvikudaginn 15. október 2008, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, Skúlagötu 4.*

*Þeir sem sátu fundinn voru: Björn Snæbjörnsson, Elín Björg Jónsdóttir, Haraldur Benediktsson, Ólafur Friðriksson, Pálmi Vilhjálmsson, Magnús Ólafsson og Sigurður Loftsson. Auður Birgisdóttir ritaði fundargerð.*

### **Formaður stjórnaði fundinum og tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:**

#### **1. Fundargerð og dagskrá.**

Fundargerð síðasta fundar og dagskrá samþykkt án athugasemda.

#### **2. Drög að frumvarpi um verðmiðlun o.fl.**

Arnór Snæbjörnsson, lögfræðingur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, lagði fram drög að frumvarpi, dags. 14. október um verðmiðlun og gerði grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið. Við frekari umræðu um frumvarpið kom fram að nauðsynlegt væri að kveða skýrt á um að greiðslumarksmjólk sé fyrst og fremst til þess að nota fyrir innlendan markað og að framleiðendur sem ekki hafi greiðslumark geti ekki ráðstafað mjólk á innlendan markað, án samþykkis framkvæmdanefndar búvörusamninga.

Ákveðið var að frumvarpið yrði sent til fulltrúa nefndar, til frekari skoðunar.

#### **3. Verðlagning.**

Við umræður um verðlagningu lagði Sigurður fram vinnuskjöl LK sem sýna hvernig hækkunarþörf greindist 1.9.2008 sl. eftir einstökum liðum á hvern lítra mjólkur. Sigurður taldi að misræmi sé í útreikningum sem nefndin styðst nú við og þá aðferðarfræði sem LK hefur lagt til grundvallar undanfarin ár. Þá var einnig nefnt að komið hefði á óvart hvað niðurstöður móðels voru í takt við niðurstöður búreikninga.

Eftir ítarlegar umræður og samráð einstakra nefndarmanna var samstaða um að koma að þessu sinni verulega til móts við hagsmuni iðnaðarins hvað varðar dreifingar- og vinnslukostnað, enda hefur iðnaðurinn þurft að taka á sig miklar hækkanir síðustu misserin.

Að því búnu tók nefndin sameiginlega ákvörðun um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki þann 1. nóvember um 10,39% og að afurðastöðvaverð til bænda hækki um 7,13 kr. pr. ltr. mjólkur, eða 11,14%. Þá var ákveðið að hækka vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur um 5,90 kr pr ltr., eða 9,60%. Í kjölfar ákvörðunar nefndarinnar var útbúin fréttatilkynning sem send var út til fjölmiðla.

#### **4. Önnur mál.**

Haraldur vakti máls á því að hugsanlega yrði óskað eftir því að verðlagsgrundvöllur sauðfjárbús yrði tekinn upp aftur og endurskoðaður.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Auður Birgisdóttir